

**Stefna um þjónustustig í byggðum
Múlaþings á Borgarfirði eystra, Djúpavogi
og Seyðisfirði**

2026 – 2029



Samþykkt í sveitarstjórn Múlaþings

15. desember 2025



Efnisyfirlit

Inngangur	1
Lögskyld verkefni	3
Félagsmál	3
Fræðslu- og menningarmál	8
Öryggis- og löggæslumál	11
Umhverfis- og skipulagsmál	13
Samgöngur	17
Vatns- og fráveitur	18
Íþróttá- og æskulýðsmál	20
Ýmsar aðrar skyldur	22
Stjórnsýsla sveitarfélaga	22
Lögheimil verkefni	23
Valkvæð verkefni	27



Inngangur

Stefna þessi er gerð með tilvísun til 130. a greinar sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sem ber heitið *Stefna um þjónustustig í byggðum og byggðarlögum sveitarfélags*, en þar segir:

Samhliða fjárhagsáætlun, samanber 62. grein, skal sveitarstjórn móta stefnu fyrir komandi ár og næstu þrjú ár á eftir um það þjónustustig sem sveitarfélagið hyggst halda uppi í byggðum og byggðarlögum fjarri stærstu byggðarkjörnum viðkomandi sveitarfélags.

Í greinargerð með frumvarpi til breytinga á sveitarstjórnarlögum, frá 151. löggjafarþingi (2020–2021), er vísað til þess að með fækkun sveitarfélaga hafi orðið til víðáttumikil sveitarfélög með „fáum og stórum byggðarkjörnum en viðkvæmari byggð á öðrum svæðum“ innan sveitarfélaga. Þessar aðstæður kalli á stefnu varðandi þjónustustig sveitarfélaga. Stefnan þurfi að vera skýr og sveitarstjórn að móta hana með „sérstöku samráði“ við íbúa, „til dæmis með opnu umsagnarferli“.

Við gerð stefnu um þjónustustig sveitarfélaga þarf að hafa í huga lögskyld og lögheimil verkefni samkvæmt yfirliti Stjórnarráðsins, sem gefið er út með vísan til 1. málsgrein 7. grein sveitarstjórnarlaga númer 138/2011. Verkefni eru lögskyld ef sveitarfélögum er skylt að rækja þau. Lögheimil verkefni felast í því að sveitarfélag hefur svigrúm til þess að ákveða hvort verkefninu er sinnt, en ef sú ákvörðun er tekin gildir um verkefnið tiltekinn lagarammi. Einnig þarf að hafa í huga verkefni sem sveitarfélög velja að setja á dagskrá til dæmis til að gera sveitarfélagið eftirsóknarverðan kost, sem eru þá valkvæð verkefni.

Í stefnu um þjónustustig í byggðum Múlaþings fyrir árið 2025 var athyglinni beint að „byggðum og byggðarlögum fjarri stærstu byggðarkjörnum“, það er á Borgarfirði, Djúpavogi og Seyðisfirði. Þannig voru við undirbúning hennar haldnir íbúafundir á Borgarfirði eystra, Djúpavogi og Seyðisfirði. Engu að síður er fyrirkomulagi þjónustunnar lýst í stuttu máli í öllum byggðarkjörnunum fjórum og er það þá meðal annars gert af því þjónusta sveitarfélagsins er í mörgum tilfellum veitt á eða frá skrifstofunni á Egilsstöðum en einnig til að gera samanburð á þjónustunni, milli kjarnanna, auðveldari.



Heimastjórnnum Múlaþings var, í kjölfar íbúafundanna, gefinn kostur á að gefa umsagnir eða gera athugasemdir við stefnudrögin en byggðaráð, fjölskylduráð og umhverfis- og

framkvæmdaráð fengu hana síðan til frekari úrvinnslu. Þessir fundir fóru fram á haustmánuðum 2024.

Við vinnslu þessarar stefnu, fyrir árið 2026, var stefnan frá 2025 tekin til umfjöllunar og endurskoðunar í heimastjórnnum Múlaþings, fagraðum og hjá starfsfólki stjórnsýslunnar áður en hún var tekin til afgreiðslu í sveitarstjórn. Gert er ráð fyrir því að boðið verði upp á samtal við íbúa sveitarfélagsins um þjónustu sveitarfélagsins á árinu 2026, í upphafi nýs kjörtímabils, en sveitarstjórnarkosningar fara fram á vormánuðum þess árs.

Sú breyting er gerð á framsetningu stefnunnar fyrir 2026 að þjónustubættir sem ekki varða íbúana með beinum hætti hafa verið teknir út. Þannig er nú lögð meiri áhersla á þjónustubætti sem hvað mikilvægastir eru íbúum. Til að sjá hvaða framkvæmdir eru fyrirhugaðar í sveitarfélaginu á næstu árum er hægt að skoða fjárfestingaáætlun Múlaþings, áætlun hafna, áætlun um gatnagerð og göngustíga og um viðhald mannvirkja. Þessar áætlanir eru aðgengilegar aftast í þessari stefnu.



Múlaþing er þjónustuaðili sem leggur áherslu á að veita íbúum sveitarfélagsins aðgengilega, fjölbreytta og góða þjónustu. Stærstur hluti starfsemi sveitarfélagsins felst í að veita þjónustu með einum eða öðrum hætti. Lögð er áhersla á að þjónustan sé aðgengileg og taki mið af notendum hverju sinni. Leitast er við að veita þjónustuna á staðnum, í síma, með tölvusamskiptum og stafrænum hætti eða í gegnum fjarfundabúnað.

Starfsfólk Múlaþings hefur eftirfarandi til hliðsjónar í störfum sínum:

- Taka hlýlega og af virðingu á móti viðskiptavinum
- Sinna viðskiptavinum fljótt og vel
- Vinna saman og vísa engum erindum frá
- Gæta trúnaðar við viðskiptavini
- Leita lausna og leiða í þágu viðskiptavina
- Taka við ábendingum og kvörtunum viðskiptavina
- Bera virðingu fyrir ásýnd sveitarfélagsins og umhverfi

Stefna þessi um þjónustustig í byggðum Múlaþings var samþykkt í sveitarstjórn Múlaþings 15. desember 2025.

Lögskyld verkefni

Í þessum kafla eru sett fram lögskyld verkefni sveitarfélagsins og hvernig þeim er háttað á hverjum stað fyrir sig.



Félagsmál

Barnaverndarmál

Múlaþing, Vopnafjarðarhreppur og Fljótisdalshreppur reka sameiginlega barnaverndarþjónustu samkvæmt samningi þar að lútandi þar sem Múlaþing er leiðandi sveitarfélag.

Starfsfólk barnaverndarþjónustu Múlaþings er með starfsstöð á Egilsstöðum en fer á aðra staði sveitarfélagsins með reglubundnum hætti og eftir þörfum svo sem í leik- og grunnskóla og á heimili.

Bakvakt barnaverndar bregst við neyðartilfellum alls staðar í sveitarfélaginu sem og á Vopnafirði og Fljótisdalshreppi. Í neyðartilfellum er haft samband við Neyðarlínu í gegnum 112.

Hægt er að hafa samband við starfsfólk barnaverndarþjónustu í síma 4700 700.

Félagsþjónusta sveitarfélaga

Múlaþing, Vopnafjarðarhreppur og Fljótisdalshreppur reka sameiginlega félagsþjónustu samkvæmt samningi þar að lútandi þar sem Múlaþing er leiðandi sveitarfélag.



Starfsfólk félagsþjónustu Múlaþings er með starfsstöð á Egilsstöðum en fer á aðra staði sveitarfélagsins eftir þörfum. Hægt er að hafa samband við starfsfólk félagsþjónustu í síma 4 700 700.

Umsóknir um þjónustu má finna á heimasíðu Múlaþings undir [Mínar síður](#) en einnig er hægt að fá aðstoð við umsóknarferli á skrifstofum sveitarfélagsins.

Ásheimar, mann- og geðræktarmiðstöð er staðsett í [Hlymsdölum, Miðvangi 6 á Egilsstöðum](#).


Félagsleg ráðgjöf

Starfsfólk félagsþjónustu er með starfsstöð á Egilsstöðum en fer á aðra staði sveitarfélagsins eða heimili fólks eftir þörfum. Hægt er að óska eftir viðtali í síma 4 700 700.

Fjárhagsaðstoð

Starfsfólk félagsþjónustu er með starfsstöð á skrifstofunni á Egilsstöðum en fer á aðra staði sveitarfélagsins eftir þörfum.

Sótt er um fjárhagsaðstoð á island.is en einnig er hægt að fá aðstoð við umsóknarferli á skrifstofum sveitarfélagsins.



Málefni aldraðra

Starfsfólk félagsþjónustu í málefnum aldraðra er með starfsstöð á Egilsstöðum en fer á aðra staði sveitarfélagsins eftir þörfum.

Sótt er um þjónustu fyrir eldri borgara á [Mínum síðum](#), en einnig er hægt að fá aðstoð við umsóknarferli á skrifstofum sveitarfélagsins.

Fljótsdalshérað

Hlymsdalir, félagsmiðstöð eldri borgara sem og dagdvöl aldraðra. Eldra fólk sem býr heima en þarf reglulega umönnun getur sótt um að komast í dagdvöl.

Sótt er um þjónustuna á heimasíðu Múlaþings undir [Mínar síður](#) en einnig er hægt að fá aðstoð við umsóknarferli á skrifstofum sveitarfélagsins.

Félag eldri borgara á Fljótsdalshéraði heldur utan um félagsstarfið og finna má [bækling um tómstundastarf í Múlaþingi](#) á heimasíðu sveitarfélagsins.

Starfið í Hlymsdölum er öllum opið.

Heimasíða félags eldri borgara á Fljótsdalshéraði er febf.is.

Hlymsdalir eru að [Miðvangi 6 á Egilsstöðum](#).

Borgarfjörður

Ekki er starfsemi á Borgarfirði á vegum sveitarfélagsins en félag eldri borgara á Borgarfirði á eigin félagsmiðstöð, sem er þó ekki í notkun eins og er.

Djúpivogur

Tryggvabúð, félagsmiðstöð eldri borgara sem og dagdvöl aldraðra. Eldra fólk sem býr heima en þarf reglulega umönnun getur sótt um að komast í dagdvöl.

Sótt er um þjónustuna á heimasíðu Múlaþings undir [Mínar síður](#) en einnig er hægt að fá aðstoð við umsóknarferli á skrifstofum sveitarfélagsins.



Félag eldri borgara á Djúpavogi heldur utan um félagsstarfið og finna má [bækling um tómstundastarf í Múlaþingi](#) á heimasíðu sveitarfélagsins.

Tryggvabúð er að [Markarlandi 2 á Djúpavogi](#).

Seyðisfjörður

Framtíðin, félag eldra fólks á Seyðisfirði er með félagsaðstöðu að [Lækjargötu 2 á Seyðisfirði](#).

Félag eldra fólks á Seyðisfirði heldur utan um félagsstarfið og [finna má bækling um tómstundastarf í Múlaþingi](#) á heimasíðu sveitarfélagsins.

Málefni fatlaðs fólks



Starfsfólk félagsþjónustu er með starfsstöð á Egilsstöðum en fer á aðra staði sveitarfélagsins eða heimili fólks eftir þörfum.

Hægt er að hafa samband við starfsfólk félagsþjónustu í síma 4 700 700.

Umsóknir um þjónustu má finna á heimasíðu Múlaþings undir [Mínar síður](#) en einnig er hægt að fá aðstoð við umsóknarferli á skrifstofum sveitarfélagsins.

Fljótsdalshérað

Búsetukjarnar með sólarhringsþjónustu fyrir fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir eru starfræktir á Egilsstöðum.

Stólpi – hæfing/iðja, er dagþjónusta sem ætluð er fötluðu fólki sem ekki hefur tækifæri á störfum á almennum vinnumarkaði.

Akstursþjónusta fatlaðs fólks er veitt á Egilsstöðum, á dagvinnutíma, með sérútbúnum bíl. Vegna aksturs utan dagvinnutíma, í dreifbýli og öðrum kjörnum sveitarfélagsins, eða vegna tímabundinnar dvalar í öðrum sveitarfélögum, er reynt að leita annarra leiða til dæmis með samningum við einkaaðila.

Stuðningsþjónusta

Umsóknir um þjónustu má finna á heimasíðu Múlaþings undir [Mínar síður](#) en einnig er hægt að fá aðstoð við umsóknarferli á skrifstofum sveitarfélagsins. Hægt er að hafa samband við starfsfólk félagsþjónustu í síma 4700 700. Stuðningsþjónusta er veitt í öllum byggðarkjörnum en stýrt frá skrifstofu á Egilsstöðum.

Sambætting þjónustu í þágu farsældar barna

Málstjórar sambættingar í þágu farsældar barna eru með starfsstöð á Egilsstöðum en fara á aðra staði sveitarfélagsins með reglubundnum hætti og eftir þörfum svo sem í leik- og grunnskóla og á heimili.

Tengiliðir eru starfandi hjá félagsþjónustu, í öllum leik- og grunnskólum sveitarfélagsins, sem og í ytri stofnunum sem ekki eru á vegum sveitarfélags, svo sem framhaldsskólum og heilsugæslu.

Upplýsingar um innleiðingu farsældar sem og tengiliði má finna á [heimasíðum Múlaþings](#) og Vopnafjarðarhrepps.

Ósk um þjónustu fer í gegnum tengiliði og eða málstjóra.

Áfram er unnið að verklagi varðandi sambættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

Húsnæðismál

Sveitarstjórn styðst við húsnæðisáætlun Múlaþings sem er í árlegri endurskoðun.

Íbúar sveitarfélagsins geta sótt um félagslegt húsnæði og fer úthlutun samkvæmt reglum og viðmiðum þar um.



Aukning er að verða á leiguíbúðum í leigufélögum og sveitarfélagið tekur þátt í uppbyggingu íbúða meðal annars með stofnstyrkjum.

Umsókn um félagslegt húsnæði má finna á heimasíðu Múlaþings undir [Mínar síður](#) en einnig er hægt að fá aðstoð við umsóknarferli á skrifstofum sveitarfélagsins.

Fljótsdalshérað

Sveitarfélagið er með til úthlutunar félagslegar íbúðir auk íbúða hjá leigufélögum og leiguíbúðir sérstaklega ætlaðar eldri íbúum.

Borgarfjörður

Félagslegar íbúðir auk almennra íbúða í eigu sveitarfélagsins eru í boði til leigu.

Djúpivogur

Ein leiguíbúð í eigu sveitarfélagsins er í boði.

Seyðisfjörður

Sveitarfélagið er með til úthlutunar félagslegar íbúðir auk íbúða hjá leigufélögum og leiguíbúðir sérstaklega ætlaðar eldri íbúum.

Áherslur fyrir 2026–2029

Vegna íbúða á félagslegum grunni er það stefna sveitarfélagsins að stuðla að byggingu íbúða með stofnframlögum.

Stefnt er að sölu íbúða í eigu sveitarfélagsins og byggingu nýrra íbúða eftir aðstæðum í byggðakjörnunum.

Skoðað verði við gerð fjárhagsáætlunar hvers árs með veitingu stofnframlaga til íbúðarkaupa í sveitarfélaginu.

Sérstakur húsnæðisstuðningur



Sérstakur húsnæðisstuðningur er fyrir tekjulága einstaklinga sem nýta húsnæðisstuðning frá HMS.

Sérstakur húsnæðisstuðningur er veittur til foreldra eða forsjáraðila 15 – 17 ára barna sem leigja herbergi á heimavist eða námsgörðum vegna náms fjarri lögheimili.

Umsóknir um sérstakan húsnæðisstuðning má finna á heimasíðu Múlaþings undir [Mínar síður](#) en einnig er hægt að fá aðstoð við umsóknarferli á skrifstofum sveitarfélagsins.

Fræðslu- og menningarmál

Almenningsbókasöfn

Þrjú almenningsbókasöfn eru starfandi í Múlaþingi: Bókasafn Héraðsbúa á Egilsstöðum, Bókasafn Djúpavogs og Bókasafn Seyðisfjarðar.



Fljótsdalshérað

Bókasafnið á Egilsstöðum er almenningsbókasafn staðsett í Safnahúsinu. Það er opið alla virka daga frá klukkan 13:00 – 18:00. Safnið er tengt [Landskerfi bókasafna, leitir.is](#).

Borgarfjörður

Ekki bókasafn er á Borgarfirði.

Djúpivogur

Bókasafnið á Djúpavogi er samsteypusafn sem samanstendur af skólabókasafni og almenningsbókasafni og er staðsett í Djúpavogsskóla. Safnið er opið almenningi á þriðjudögum frá klukkan 16:00 – 18:00 en lokað yfir sumarmánuðina. Safnið er tengt [Landskerfi bókasafna, leitir.is](#).

Seyðisfjörður

Bókasafn Seyðisfjarðar er samsteypusafn sem samanstendur af almenningsbókasafni og skólasafni og er staðsett í Seyðisfjarðarskóla. Á veturna er safnið opið almenningi alla virka daga frá klukkan 15:00 – 18:00 en á sumrin er safnið opið mánudaga til miðvikudaga frá klukkan 13:00 – 18:00 og á fimmtudögum frá klukkan 12:30 – 17:00. Safnið er tengt [Landskerfi bókasafna, leitir.is](#).

Áherslur fyrir 2026

Á árinu 2026 er ætlunin að ráðst í nokkrar breytingar á fyrirkomulagi almenningsbókasafna í Múlaþingi. Bókasöfnin þrjú verða sameinuð í eina stofnun sem hefur sama forstöðumann. Samhliða því verður stöðugildi á Bókasafni Djúpavogs hækkað með það að markmiði að auka opnunartíma og efla starfsemina. Þá verður einnig aukið við stöðugildi á Bókasafni Héraðsbúa. Markmiðið með þessum breytingum er að skapa sterkari stofnun og samræma þjónustu bókasafnanna eins og kostur er.

Grunnskólar



Sex grunnskólar eru í Múlaþingi. Skóla- og frístundaþjónusta sinnir ráðgjöf og stuðningi við þá. Flest starfsfólk skóla- og frístundaþjónustunnar er staðsett á Egilsstöðum og fer það reglulega í alla skóla og líka eftir þörfum. Einnig kalla þau eftir annarri sérfræðiþjónustu eftir þörfum. Jafnframt þjónustar Skóla- og frístundaþjónustan Fljótsdals- og Vopnafjarðarhrepp.

Fljótsdalshérað

Þrír grunnskólar eru á Fljótsdalshéraði: Brúarásskóli, Egilsstaðaskóli og Fellaskóli. Mötuneyti er starfrækt í Brúarásskóla og Egilsstaðaskóla en Fellaskóli er með móttökueldhús en maturinn er eldaður í mötuneyti Egilsstaðaskóla.

Íþróttahús er við alla skólana en nemendur sækja sundtíma í Sundlaug Egilsstaða.

Skólaakstur er fyrir nemendur í dreifbýli.

Borgarfjörður

Einn samrekin leik- og grunnskóli, Grunnskóli Borgarfjarðar eystra er á Borgarfirði og er hann rekinn sem deild frá Fellaskóla. Nemendur grunnskólans fara að jafnaði tvo daga í viku í Fellaskóla.

Nemendur sækja sundtíma í sundlaug Egilsstaða.

Skólaakstur er fyrir nemendur í dreifbýli.



Djúpivogur

Á Djúpavogi er Djúpavogsskóli sem er samrekin grunn- og tónlistarskóli. Hádegisverður er keyptur af einkaaðila.

Skólaakstur er fyrir nemendur í dreifbýli.

Seyðisfjörður

Einn samrekin leik-, lista- og grunnskóli er á Seyðisfirði, Seyðisfjarðarskóli. Skólinn er í fjórum húsum. Mötuneytið er starfrækt við skólann og sækja nemendur íþrótt- og sundtíma á staðnum.

Leikskólar

Sex leikskólar eru í sveitarfélaginu. Skóla- og frístundaþjónusta sinnir ráðgjöf og stuðningi við leikskólana. Starfsfólk Skóla- og frístundaþjónustu er staðsett á Egilsstöðum og fer það reglulega í alla leikskóla og líka eftir þörfum. Einnig kallar það eftir annarri sérfræðiþjónustu eftir þörfum.



Skóla- og frístundaþjónustan heldur utan um daggæsluframlag til foreldra og skráningu barna í leikskólana. Jafnframt þjónustar Skóla- og frístundaþjónustan Fljótsdals- og Vopnafjarðarhrepp.

Fljótsdalshérað

Þrír leikskólar eru á Fljótsdalshéraði; Hádegishöfði í Fellabæ, Tjarnarskógur sem er með tvær starfsstöðvar á Egilsstöðum og leikskólinn í Brúarásskóla sem er samrekinn leik- og grunnskóli.

Mötuneyti er starfrækt í Brúarásskóla en Hádegishöfði og Tjarnarskógur eru með móttökueldhús en maturinn er eldaður í mötuneyti Egilsstaðaskóla.

Leikskóladeildin í Brúarásskóla hefur sama starfstíma og grunnskólinn.

Borgarfjörður

Einn samrekinn leik- og grunnskóli, Grunnskóli Borgarfjarðar eystri er rekinn sem deild frá Fellaskóla.

Hádegisverður fyrir nemendur og starfsfólk er eldaður af einkaaðila.

Leikskóladvöl barna og fæði er foreldrum að kostnaðarlausu.

Djúpivogur

Leikskólinn Bjarkartún er starfræktur á Djúpavogi og er mötuneyti starfrækt í leikskólanum.

Seyðisfjörður

Einn samrekinn leik-, grunn- og tónlistarskóli er starfræktur undir nafni Seyðisfjarðarskóla.

Leikskóladeildin er í sérhúsnæði með móttökueldhúsi.

Tónlistarskólar

Fimm tónlistarskólar og/eða tónskóladeildir eru starfræktar í sveitarfélaginu.

Fljótsdalshérað

Á Fljótsdalshéraði eru þrír tónlistarskólar: Tónlistarskólinn á Egilsstöðum, Tónlistarskólinn í Fellabæ og í Brúarási er Tónlistarskóli Norður Héraðs.



Borgarfjörður

Tónlistarskóli Norður Héraðs sinnir tónlistarkennslu á Borgarfirði, nemendum að kostnaðarlausu.

Djúpivogur

Á Djúpavogi er tónlistarskóli samrekinn með Djúpavogsskóla.

Seyðisfjörður

Einn samrekinn leik-, grunn- og tónlistarskóli er starfræktur undir nafni Seyðisfjarðarskóla og heyrir tónlistarnám undir listadeild skólans.

Öryggis- og löggæslumál

Brunavarnir og brunamál þar á meðal slökkvilið



Helsta verkefni slökkviliða er að vernda líf, heilsu og eignir með því að bregðast við neyðartilvikum.

Starfið er mun víðtækara og eru verkefni slökkviliða til dæmis:

- Að slökkva elda í húsum, bílum og náttúru
- Koma í veg fyrir að eldur breiðist út
- Bjarga fólki eða dýrum úr hættu
- Sinna björgunarstarfi við umferðaróhöpp, vatns- og fjallaslys
- Bregðast við eiturefna- eða gasleka.
- Annast þeir eldvarnaeftirlit
- Sinna fræðslu um forvarnir
- Halda sér í stöðugri þjálfun til að vera viðbúnir öllum aðstæðum.

Slökkvilið Múlaþings starfar fyrir allt sveitarfélagið.

Aðalstarfsstöð Slökkviliðs Múlaþings er á Egilsstöðum en þar eru þrír fastir starfsmenn.

Í öllum kjörnum sveitarfélagsins er slökkvistöð með slökkvibíl og öðrum búnaði ásamt útkallssveit.



Slökkvilið Múlaþings fer einnig með verkefni eldvarnareftirlits en samkvæmt reglugerð 723/2017 um eldvarnir og eldvarnareftirlit skal haft eftirlit með mannvirkjum, lóðum og starfsemi þar sem eldhætta getur skapast og ógnað lífi, heilsu, umhverfi og eignum. Mannvirki eru ýmist skoðuð á hverju ári eða fjórða hvert ár og svo eru mannvirki sem ekki eru skoðunarskyld.

Það er alltaf á ábyrgð eigenda mannvirkis, og eftir atvikum rekstraraðila, að sjá til þess að eldvarnir séu í lagi. Eldvarnareftirlitið setur upp áætlun um skoðanir hvers árs og er sú áætlun á heimasíðu sveitarfélagsins.

Sjóvarnir

Umhverfis- og framkvæmdaráð ásamt hafnarstjóra Múlaþings tryggja sjóvarnir í sveitarfélaginu samkvæmt lögum um sjóvarnir.



Sjóvarnir verja mannlíf, eignauð og náttúru gegn eyðileggingu sjávar og gera samfélögum kleift að lifa og starfa örugglega á strandsvæðum, sérstaklega nú þegar áhrif loftslagsbreytinga auka áhættuna.

Mikilvægt er að forgangsraða verkefnum er varða sjóvarnir og er það gert í áætlun hafna Múlaþings.

Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum

Ofanflóðavarnir eru mannvirki og skipulag sem verja byggð og innviði gegn snjóflóðum og skriðuföllum.

Þær geta verið:

- Varnargarðar
- Snjóflóðanet
- Stíflur
- Aðrar hindranir sem halda snjó og jarðefni á sínum stað



Varnir felast einnig í hættumati, skipulagi og vöktun.

Markmiðið er að vernda mannslíf, draga úr tjóni á húsum og innviðum og tryggja örugga búsetu, sérstaklega þar sem loftslagsbreytingar auka líkur á skriðum og snjóflóðum.

Áherslur 2026–2027

Ríkið vinnur að uppbyggingu ofanflóðavarnargarða í samvinnu við sveitarfélögin um allt land og er nú unnið að varnargörðum undir Bjólfi á Seyðisfirði sem áætlað er að ljúki á árinu 2027. Áætlað er að þegar þeim ljúki verði farið í gerð varnargarða undir Botnum á Seyðisfirði.

Umhverfis- og skipulagsmál

Dýrahald og eftirlit

Í Múlapingi er tiltekið dýrahald leyfilegt að uppfylltum skilyrðum sem kveðið er á um í [viðkomandi samþykktum](#). Sækja þarf sérstaklega um leyfi til að halda ákveðin gæludýr í þéttbýli svo sem hunda, ketti og fiðurfé. Allar nánari upplýsingar er að finna á [heimasíðu sveitarfélagsins](#) svo sem um leyfisgjöld, skráningu og umsýslu vegna dýrahalds.

Um dýrahald gilda ýmsar samþykktir sem finna má á [heimasíðu sveitarfélagsins](#) og fer verkefnastjóri umhverfismála með umsjá málaflokksins.

Dýraeftirlitsmaður er starfandi hjá sveitarfélaginu sem sinnir dýraeftirliti fyrir sveitarfélagið í samvinnu við starfsmenn þjónustumiðstöðva í hverju þéttbýli.

Árlega, að hausti, auglýsir sveitarfélagið hreinsun hunda og katta í hverjum byggðakjarna og hvetur eigendur dýranna til að mæta með dýr sín í þessa ormahreinsun sem fer fram á auglýstum stað.



Byggingareftirlit og leyfisveitingar

Byggingarfulltrúi sér um eftirlit með mannvirkjagerð og leyfisveitingum í öllu sveitarfélaginu. Sótt er um byggingarleyfi á [Mínum síðum](#) á vefsíðu Múlapings. Byggingarfulltrúi er með aðsetur að [Lyngási 12 á Egilsstöðum](#) en fer á Borgarfjörð, Seyðisfjörð og Djúpavog þegar þörf er á. Ekki er boðið upp á símatíma en tekið er á móti tölvupóstum í netfangið

byggingarfulltrúi@mulathing.is og hægt að óska eftir símtali frá byggingarfulltrúa með því að hringja í 4 700 700.

Fjallskil

Fjallskil eru heiti á söfnun og rekstri búfjár af fjalli að hausti, þegar lokið er sumarreit. Þetta er hefðbundið skipulagt verk þar sem bændur og aðrir eigendur fara í svokallaðar réttir, leita og reka fé niður í byggð, aðskilja það eftir eigendum og flytja heim til vetrarhalds.



Fjallskil fela einnig í sér reglur og skiptingu ábyrgðar: sveitarfélög eða fjallskilasvæði ákveða hvenær leit hefst, hver taka þátt og hvernig kostnaður og vinna skiptist. Markmiðið er að tryggja að allt fé komist af fjalli fyrir vetur, draga úr ágangi á beitolönd og vernda bæði dýr og náttúru.

Um fjallskil í Múlaþingi gildir [fjallskilasamþykkt sveitarfélaga á starfssvæði SSA](#).

Verkefnisstjóri umhverfismála fer með verkefni fjallskila í samstarfi við starfsmenn heimastjórna á hverjum stað. Heimastjórnir fara með hlutverk fjallskilanefnda í sveitarfélaginu, hver í sínum kjarna.

Áherslur 2026

Frá árinu 2026 verða gangnaseðlar sendir í stafrænt pósthólf þeirra sem við á hjá island.is

Fyrirhugað er að setja samræmdar reglur um fjallskil í Múlaþingi fyrir 2028.

Girðingar, til dæmis fjarlægging girðinga af eyðijörðum

Verkefnisstjóri umhverfismála fer með verkefni í tengslum við girðingar í sveitarfélaginu. Mikilvægt er að upplýsa umráðamanna lands um ábyrgð og skyldur þeirra til að viðhalda girðingum og fjarlægja ónýtar girðingar.

Sveitarfélagið tekur á móti og heldur utan um ábendingar sem berast um þetta málefni og kemur þeim á viðkomandi umráðamenn.

Sveitarfélagið reynir eftir fremsta megni að halda girðingum kringum þéttbýlisstaði fjárhældum.

Gatnagerð

Umhverfis- og framkvæmdaráð ber ábyrgð á gatnagerð í öllu sveitarfélaginu og er farið eftir framkvæmdaáætlun hverju sinni sem samþykkt er árlega af ráðinu. Framkvæmda- og umhverfismálastjóri sér um að framfylgja áætluninni.

Heimastjórnir Múlaþings fá kynningu á framkvæmdaáætlun vegna gatnagerðar og er kallað eftir ábendingum frá heimastjórnnum vegna verkefna.



Refa- og minkaveiðar og meindýraeyðing

Sveitarfélagið gerir samninga við aðila vegna refa- og minkaveiða í sveitarfélaginu sem sinna veiðum á tilgreindum svæðum. Tilgangur veiðanna er að draga úr tjóni af völdum refa og minka.

Sveitarfélagið sinnir almennt ekki meindýraeyðingu enda er starfandi meindýraeyðir á svæðinu.

Helstu verkefni á komandi árum er að tryggja að verklag og samningar vegna refa- og minkaveiða verði samræmt í öllu sveitarfélaginu.

Sérstök áherslusvæði vegna refa- og minkaveiða innan sveitarfélagsins verði skrásett. Slík svæði eru verndarsvæði sem er mikilvægt að verja með veiðum á ref og mink til dæmis vegna fuglalífs þar með talið æðarvarps.

Áherslur 2026

Stefnt er að því að frá og með árinu 2026 verði allir reikningar vegna minka- og refaveiða rafrænir.

Skipulagsmál

Umhverfis- og framkvæmdaráð gerir tillögur að aðalskipulagi til sveitarstjórnar til staðfestingar og heimastjórna til umsagnar. Umhverfis- og framkvæmdaráð sendir tillögur að deiliskipulagi til viðkomandi heimastjórnar til umsagnar og staðfestingar.

Skipulagsfulltrúi er með aðsetur að [Lyngási 12 á Egilsstöðum](#) en fer á Borgarfjörð, Seyðisfjörð og Djúpavog þegar þörf er á. Ekki er boðið upp á símatíma en tekið er á móti tölvupóstum í netfangið skipulagsfulltrúi@mulathing.is og hægt að óska eftir símtali frá skipulagsfulltrúa með því að hringja í 4 700 700.

Starfsfólk á skrifstofanna á Borgarfirði, Djúpavogi og Seyðisfirði tekur á móti gögnum og kemur áfram á framkvæmda- og umhverfissvið.

Áherslur 2026

Fyrirhugað er að klára farsællega vinnu við nýtt aðalskipulag Múlaþings í samstarfi og samvinnu við íbúa sveitarfélagsins og aðra hagsmunaaðila árið 2026.

Verkefnastjóri skipulagsmála mun hafa fasta viðveru á Borgarfirði, Seyðisfirði og Djúpavogi ársfjórðungslega.

Söfnun og meðferð úrgangs og skólps

Múlaþing er með samning við fyrirtæki varðandi söfnun, meðhöndlun og förgun úrgangs frá heimilum í sveitarfélaginu. Sveitarfélagið er jafnframt með samninga við fyrirtæki um aðra þjónustubætti svo sem rekstur tiltekinna söfnunarstöðva fyrir úrgang.

Fljótsdalshérað

Móttaka úrgangs er á Egilsstöðum. Opið virka daga frá klukkan 13:00 – 17:00 og laugardaga frá klukkan 10:00 – 14:00.

Borgarfjörður

Móttaka úrgangs er á Heiðinni á Borgarfirði. Opið alla virka daga frá klukkan 8:00 – 16:00.

Djúpivogur

Móttaka úrgangs er á Háaurum á Djúpavogi. Opið þriðjudaga og fimmtudaga frá klukkan 13.30 – 16.30 og laugardaga frá klukkan 11:00 – 13:00.

Seyðisfjörður

Móttaka úrgangs er við Fjarðargötu á Seyðisfirði. Opið þriðjudaga og fimmtudaga frá klukkan 14:00 – 17:00 og laugardaga frá klukkan 11:00 – 13:00.

Mikilvægt er að málaflokkurinn sé í sífelldri endurskoðun og unnið að því að koma til móts við þarfir íbúa. Skoða þarf reglulega fyrirkomulag, afgreiðslutíma, gjaldskrá og annað og er það gert í tengslum við fjárhagsáætlun sveitarfélagsins að hausti.

Áherslur fyrir 2026

Lögð verður áhersla á aukna fræðslu í sveitarfélaginu til að ýta undir aukna flokkun og minni urðun með sérstaka áherslu á fyrirtæki.



Innleiða aðgerðir sem koma fram í aðgerðaráætlun svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs á Austurlandi 2025–2035.

Áherslur fyrir 2027–2029

Koma upp snyrtilegum og hentugum söfunarstöðvum fyrir úrgang á öllum fjórum þéttbýlisstöðum sveitarfélagsins.

Umgengni og þrifnaður utan húss

Heilbrigðisnefnd ber ábyrgð á heilbrigðiseftirliti og framkvæmd þess samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir númer 7/1998 og reglugerð um hollustuhætti númer 903/204. Auk þess ber nefndin ábyrgð á að framfylgja samþykkt um umgengni og þrifnað utan húss númer 1405/2023 í samvinnu við Múlaþing og önnur sveitarfélög samþykktarinnar.

Múlaþing leggur áherslu á að ákvæðum samþykktarinnar sé framfylgt svo sem að eignum sé vel haldið við og að lóðum og lendum sé haldið hreinum og snyrtilegum.

Áherslur fyrir 2026–2028

Nýta bætt verklag í átaksverkefni vegna umgengni á lóðum og lendum innan sveitarfélagsins. Á hverju ári væri lögð sérstök áhersla á tiltekið svæði innan sveitarfélagsins með það fyrir augum að bæta umgengni og ásýnd lóða og lenda.

Samgöngur

Lagning og viðhald vegslóða

Fjölmörg verkefni bíða innan sveitarfélagsins um lagningu vega og stíga auk viðhalds. Unnið er samkvæmt framkvæmdaáætlun sem staðfest er af umhverfis- og framkvæmdaráði og er hún endurskoðuð að árlega og uppfærð er ástæða er til.



Það er á ábyrgð framkvæmda- og umhverfismálastjóra að sjá um málaflokkinn og þar með að sækja um fyrir hönd sveitarfélagsins í styrkvegasjóð Vegagerðarinnar til lagfæringar á vegum.

Sveitarfélagið kallar árlega eftir ábendingum vegna viðhalds á slóðum frá íbúum.

Vatns- og fráveitur

Fráveitur

HEF veitur ehf. reka fráveitukerfi innan allra stærstu þéttbýliskjarna sveitarfélagsins. Félagið hefur einnig umsjón með reglubundinni hreinsun rotþróa í sveitarfélaginu, bæði eigin rotþróa og rotþróa í einkaeigu, á grundvelli [Fráveitusamþykktar Múlaþings](#).

Stærsta, fyrirbyggjandi verkefni fráveitunnar er bygging miðlægrar hreinsistöðvar fyrir Egilsstaði og Fellabæ.



Sumarið 2024 var unninn fyrsti áfangi endurnýjunar fráveitukerfis á Djúpavogi með dælubrunni framan við Hótel Framtíð, dælulögn frá honum í grófhreinsistöð á Langatanga og útrás í sjó norðan Bóndavörðuvatns.

Áherslur fyrir 2026

Árið 2025 var stefnt að 2. áfanga endurnýjunar fráveitukerfisins á Djúpavogi; gerð dælubrunns í stað rotþróar neðan Steina ásamt lögn að dælubrunni við Hótel Framtíð. Verkefninu var frestað vegna skipulagsáforma á svæðinu. Lagnahönnun vegna endurnýjunar Markarlands og Hammersminnis hófst í október 2025 og verður önnur gatan endurnýjuð 2026. Ekki liggur fyrir hvort ráðist verður í framkvæmdir við nýtt athafnasvæði, Víkurland, en skipulag og hönnun er lokið, gögn eru fyrirbyggjandi fyrir útboð.

Áherslur fyrir 2027–2029

Unnið verður að 2.– 5. áfanga fráveituendurnýjunar á Djúpavogi.

Bætt fráveituhreinsun á Borgarfirði Eystra.

Bætt fráveituhreinsun á Seyðisfirði auk endurnýjunar lagna.

Vatnsveitur

HEF veitur ehf. reka vatnsveitur innan þéttbýlis í öllu sveitarfélaginu og á afmörkuðum svæðum nærri þéttbýli. Gæði vatns eru mikil í Köldukvíslarveitu sem þjónar Egilsstöðum og Fellabæ. Vatn er sótt í lindir í fjallshlíð ofan þéttbýlisins á Borgarfirði eystri. Þar er mengunarhætta samfara úrkomuákefð. Á Seyðisfirði og Djúpavogi er vatnstaka úr Fjarðará og Búðará og hefur verið um áratuga skeið. Áskoranir hafa verið við síun og gerlaeyðingu á báðum stöðum.

Veik von er um úrbætur í vatnsöflun á Seyðisfirði, en áform veitunnar eru að uppfæra síubúnað og tvöfalda lýsingarbúnað. Snemma árs 2025 voru dælur í borholum í eyrum Búlandsár í Berufirði gangsettar og hefur rekstur þeirra gengið áfallalaust eftir allnokkra hnökra í byrjun.

Áherslur fyrir 2026



Áhersla veitunnar fyrir árið 2026 er að taka í notkun stórbætt, endurgert tæknirými við miðlunartank á Borgarfirði eystra. Hvatt verður til minnkun sóunar neysluvatns á starfssvæðinu öllu. Þá verður unnið að skipulagningu viðbragða við ófyrirséðum atburðum, svo sem utanaðkomandi ógnar og náttúruhamförum.

Borgarfjörður

Framkvæmdir eru hafnar við endurnýjun tæknirýmis við vatnstank, sem og einangrun og plötuklæðningu. Stefnt er á að nýtt tæknirými verði að fullu komið í rekstur snemma árs 2026. Tengingu heimlagna á stofnlögn sem endurnýjuð var 2023, verður að fullu lokið 2026.

Djúpivogur

Stefnt er á endurnýjun vatnslagna í Markarlandi eða Hammersminni, sumarið 2026.

Seyðisfjörður

Ekki er fyrirséð að áframhaldandi endurnýjun eigi sér stað fyrr en ljóst er með staðsetningu vegar og hugsanlegar færslu vatnsbóls, samhliða gerð Fjarðarheiðarganga. Langtíma verkefni er að skipta út hluta stofnlagna sem komnar eru til ára sinna.

Áherslur fyrir 2027–2029

Borgarfjörður

Hluti stofnlagnar sem nú er úr asbesti verður endurnýjaður, milli leikskóla og Fjarðarborgar.

Djúpivogur

Endurnýjun og viðhald á miðlunartanki hjá Borgargarðsrétt er á áætlun 2027 – 2029.

Seyðisfjörður

Næsti áfangi við endurnýjun stofnlangar verður skoðaður samhliða hönnun og/eða framkvæmd við gangnagerð undir Fjarðarheiði.

Íþróttar- og æskulýðsmál

Íþróttamálefni

Íþróttamannvirki eru í öllum kjörnum sveitarfélagsins. Hægt er að kaupa miða í íþróttahús, sundlaugar, líkamsrækt og skíðasvæðið í Stafdal með rafrænum hætti í gegnum [heimasíðu Múlaþings](#).



Sett hefur verið [samræmd gjaldskrá fyrir líkamsrækt og sundlaugar](#) í Múlaþingi. Kort sem keypt eru gilda á öllum líkamsræktarstöðvum og sundlaugum sem reknar eru af Múlaþingi.

Fljótsdalshérað

Í Brúarási er [íþróttahús](#) og í Fellabæ [er fjölnota íþróttahús](#) og [gervigrasvöllur](#). Sveitarfélagið rekur einnig [Íþróttamiðstöðina á Egilsstöðum](#) en þar er líkamsrækt, útisundlaug og fimleika- og íþróttasalur. Á Egilsstöðum er einnig [Vilhjálmssvöllur](#) sem er frjálsíþróttar- og fótboltavöllur.

Borgarfjörður

Á Borgarfirði er yfirbyggt fjölnota íþróttahús. [Sparkvöllurinn](#) er opinn allan sólarhringinn og er frítt inn.

Djúpivogur

Á Djúpavogi er [íþróttahús, líkamsrækt og innisundlaug](#) sem sveitarfélagið rekur.

Seyðisfjörður

Á Seyðisfirði er sparkvöllur, [íþróttahús, líkamsrækt og sundlaug](#). Í [Stafdal](#) rekur sveitarfélagið skíðasvæði og er opnunartími svæðisins auglýstur á [heimasíðu Stafdals](#).



Málefni barna og ungmenna

Boðið er upp á tómstundaframlag í sveitarfélaginu fyrir börn og ungmenni. Forvarnateymi eru í þremur kjörnum þar sem sitja fulltrúar skóla, félagsmiðstöðva, félagsþjónustu og HSA. Verkefnastjóri frístunda og forvarna heldur utan um forvarnarstarf barna og ungmenna.

Borgarfjörður

Borgfirðingar fá, til viðbótar við tómstundaframlag, aukagreiðslu vegna íþróttar- og tómstundaiðkunar barna, 50.000 krónur á önn vegna leikskólabarns og 100.000 krónur á önn vegna grunnskólabarns.

Áherslur fyrir 2026

Lögð verður áhersla á að efla upplýsingagjöf til foreldra um forvarnamál og tómstundaframlög.

Frístundaheimili / frístundapjónusta

Frístundaheimili samkvæmt lögum númer 91/2008 er opið þá daga sem skóli er starfræktur í öllum skólum nema í Grunnskólanum á Borgarfirði eystri. Skólastjórar hafa umsjón með frístund í hverjum skóla fyrir sig og er frístundapjónustan samræmd.

Frístundapjónustan Sólin samkvæmt lögum númer 38/2018, fyrir fötluð börn og ungmenni, er í boði eftir að reglubundnum skóladegi lýkur, og þegar skólar starfa ekki. Þjónustan er einstaklingsmiðuð eða eins og best hentar viðkomandi einstaklingi. [Sólin er til húsa í Fellabæ](#) fyrir börn og ungmenni í Fellabæ og á Egilsstöðum. Annars staðar í Múlaþingi er þjónustan aðlöguð að viðkomandi barni og ungmenni.



Í þessum kjörnum eru reknar virkar félagsmiðstöðvar og á Egilsstöðum er einnig starfrækt ungmennahús.

Fljótsdalshérað

Í Egilsstaðaskóla og Fellaskóla er boðið upp á frístundastarf fyrir og eftir skóla frá klukkan 8:00 – 16:00 fyrir nemendur í 1. – 4. bekk. Í Brúarási er lengd viðvera fyrir yngstu nemendur þar til skólabíll ekur þau heim eftir að skóladegi lýkur.

Á Egilsstöðum er starfrækt [Vegahúsið ungmennahús](#), sem ætlað er ungmönnum frá 16 ára aldri. Einnig er [félagsmiðstöðin Nýung](#) fyrir börn í 5.–10. bekk. Hún er opin alla virka daga, síðdegis og fram til klukkan 22:00. Að auki er ýmiss konar klúbbastarf og námskeið.

Djúpivogur

Í Djúpavogsskóla er boðið upp á frístund fyrir 1.– 4. bekk frá því að skóla lýkur og til klukkan 16:00 alla skóladaga. Starfsfólk frístundar er einnig starfsfólk skólans.

[Félagsmiðstöðin Zion](#) fyrir 5.-10. bekk. Hún er opin tvisvar til þrisvar í viku en alla skóladaga stendur nemendum Djúpavogsskóla til boða að sækja miðstöðina í löngum frímínútum. Í félagsmiðstöðinni er ýmiss konar klúbbastarf og námskeið.

Frístund og Zion eru starfræktar í [Helgafelli](#).

Seyðisfjörður

Í Seyðisfjarðarskóla er lengd viðvera fyrir nemendur í 1.- 4. bekk eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur og til klukkan 16:00 mánudaga og miðvikudaga og til klukkan 15:00 fimmtudaga og föstudaga. Frístund er opin alla skóladaga. Starfsfólk frístundar er hluti af starfslíði skólans.

[Félagsmiðstöðin Lindin](#) er fyrir börn og ungmenni í 5.-10. bekk sem er opin að minnsta kosti þrjá daga í viku. Í Lindinni er ýmiss konar klúbbastarf og námskeið.

Ýmsar aðrar skyldur

Stjórnsýsla sveitarfélaga

Upplýsingagjöf

Sveitarfélagið vinnur eftir [upplýsingalögum](#). Beiðni um upplýsingar á grundvelli upplýsingalaga er hægt að senda á netfangið mulathing@mulathing.is.

[Vefsíða Múlaþings](#) er mikilvæg varðandi upplýsingagjöf til íbúa. Þar má t.í.d. finna [reglur](#) og [gjaldskrár](#) sveitarfélagsins, [fundargerðir sveitarstjórnar](#), [ráða og nefnda](#), [aðal-](#) og [deiliskipulög](#) og [skipulag snjóhreinsunar](#). Þar má einnig finna upplýsingar um einstakar [stofnanir sveitarfélagsins](#). Á vefsíðunni eru umsóknarform en flestar umsóknir fara í gegnum [Mínar síður](#) með aðgangi þar sem krafist er rafrænna skilríkja. Á vefsíðunni eru reglulega birtar [fréttir og tilkynningar](#) frá sveitarfélaginu. Hjá sveitarfélaginu starfar verkefnisstjóri upplýsinga- og kynningarmála.



Hægt er að koma á skrifstofur sveitarfélagsins á Borgarfirði eystra, Djúpavogi, Egilsstöðum og Seyðisfirði til að fá upplýsingar um það er varðar starfsemi sveitarfélagsins.

Áherslur fyrir 2026

Unnið verður að gerð nýrrar heimasíðu fyrir Múlaþing. Heimasíðunni er ætlað að verða upplýsandi um þjónustu sveitarfélagsins og gefa íbúum eins og kostur er möguleika á að sækja sér þjónustu þess með stafrænum hætti, sama hvar þeir búa.

Lögheimil verkefni

Í þessum kafla eru sett fram lögheimil verkefni sveitarfélagsins og hvernig þeim er háttað á hverjum stað fyrir sig.

Almenningssamgöngur

Fljótsdalshérað

Múlaþing rekur [almenningssamgöngur](#) milli Fellabæjar og Egilsstaða, í Hallormsstað og í Brúarás.

Borgarfjörður

Vorið 2025 fékk Múlaþing styrk úr sjóði A.10 í Bygðaaáætlun til tilraunaverkefnis um samkeyrslu fólks og farms. Samið var við Borgarhöfn ehf. og gildir samningurinn út 2026.

Félagsheimili / menningarhús

Bygðaráð fer með málefni [félagsheimila í eigu sveitarfélagsins](#). Atvinnu- og menningarmálastjóri hefur yfirumsjón með þeim. Heimastjórnir veita bygðaráði umsögn um rekstrarfyrirkomulag félagsheimila og starfsemi þeirra eftir því sem við á.

Fljótsdalshérað

Á Fljótsdalshéraði eru þrjú félagsheimili í eigu sveitarfélagsins, stundum í samstarfi við aðra aðila, það er Hjaltalundur, Iðavellir, Arnhólsstaðir. Tvö þeirra hafa sérstakan umsjónaraðila (húsvörð) en eitt er leigt til félags sem sér um rekstur þess.

Borgarfjörður

Heimastjórn Borgarfjarðar fer með verkefni stjórnar félagsheimilisins Fjarðarborgar. Á efri hæð hússins eru skrifstofur sveitarfélagsins, fundaaðstaða



og almenn skrifstofuaðstaða. Á neðri hæðinni er samkomusalur og eldhús og veitingaaðstaða sem leigð er út yfir sumartímann.

Djúpivogur

Langabúð er í eigu sveitarfélagsins. Þar er safn Eysteins Jónssonar og veitingarekstur. Reksturinn er boðinn út reglulega.

Seyðisfjörður

Félagsheimilið Herðubreið er í eigu sveitarfélagsins og er rekstur þess/umsjón boðinn út reglulega. Mötuneyti Seyðisfjarðarskóla er starfrækt í húsinu sem og starfsemi LungA lýðskólans sem er sjálfseignastofnun.

Áherslur fyrir 2026–2029

Hugað verði að rekstrarformi félagsheimila í eigu sveitarfélagsins, hlutverki þeirra á hverjum stað og eftir aðstæðum skoðað með nýtingu þeirra.

Hafnir


Hafnir Múlaþings heyra undir umhverfis- og framkvæmdaráð. Einn hafnarstjóri er yfir öllum höfnunum. Hafnirnar hafa sameiginlegan markaðsstjóra og sameiginlega vefsíðu; portsofmulathing.is með ítarlegum upplýsingum um hafnirnar. Á hverri höfn er hafnarvörður og starfsfólk.

Áherslur fyrir 2026 – 2029

Horft verði til öryggis og öflugrar hafnaverndar þar sem áherslan er að koma í veg fyrir slys, umhverfis- og eignatjón.

Lögð verði áhersla á loftslags- og umhverfismál í hafnsækinni starfsemi og kolefnishlutleysi í eigin rekstri. Aukna nýtingu auðlinda, bættu úrgangsstjórnun, umhverfisvitund, bætt loftgæði á svæði hafna og aukið hlutfall umhverfissvænnar orku.

Í langtímaáætlun hafna Múlaþings er gert ráð fyrir upbyggingu innviða til að mæta aukinni þörf og til að geta gripið þau tækifæri sem skapast í hafnsækinni starfsemi í sveitarfélaginu.




Hitaveita

HEF veitur ehf, sem eru í eigu Múlaþings, reka orkuvinnslu með jarðhita ásamt dreifikerfi.

Fljótsdalshérað

Í Fellabæ og á Egilsstöðum er hitaveitukerfi. Hitaveita liggur einnig inn í Einarsstaði á Völlum og í Eiða. Vinnslusvæði veitunnar er við Urriðavatn í Fellum.



Borgarfjörður

HEF veitur eru ekki með starfsemi á Borgarfirði á sviði hitaveitu eða húshitunar.

Djúpivogur

HEF veitur eru ekki með starfsemi á Djúpavogi á sviði hitaveitu eða húshitunar.

Seyðisfjörður

HEF veitur reka fjarvarmaveitu á Seyðisfirði.

Áherslur fyrir 2026

Unnið hefur verið að jarðhitaleit á Djúpavogi um áratugaskeið. Síðast var borað vorið 2025, án árangurs. Vinna við ítarlegri kortlagningu á jarðhitakerfinu á Búlandsnesi er yfirstandandi, þar sem meðal annars er byggt á mælingum úr nýjustu borholunum. Stefnt er að borun 3 – 400 metra djúprar holu í nóvmeber 2025, sem vonandi hjálpar við að staðsetja varmauppsprettuna

HEF veitur munu undirbúa kaup á varmadælu og byggingu miðlunartanks fyrir fjarvarmaveituna auk þess sem nánar verður kannað hvort varmauppsprettu getur verið að finna í Seyðisfirði. Þessi þrjú verkefni hafa hlotið styrk úr Loftslags- og orkujóði. Endurnýjun dreifikerfis er að kallandi og þarf að áfangaskipta

Fyrir liggur vilji HEF veitna að verða íbúum Borgarfjarðar til ráðgjafar um kyndingarkosti, með það að leiðarljósi að minnka kostnað og raforkunotkun, til dæmis með varmadælum. Styrkur hefur fengist frá Loftslags- og orkusjóði fyrir jarðhitaleit í firðinum.

Áherslur fyrir 2027–2029

Áherslur næstu ára velta á framgangi jarðhitaleitar á Djúpavogi, Seyðisfirði og Borgarfirði eystra. Þó liggja fyrir áform um uppbyggingu og eflingu fjarvarmaveitunnar á Seyðisfirði, óháð árangri jarðhitaleitar þar.

Gagnaveita

Múlaþing og HEF veitur hafa stuðlað að uppbyggingu ljósleiðarakerfis. Ljósleiðari hefur verið lagður í stærstan hluta dreifbýlisins, ýmist á vegum HEF veitna eða annarra aðila. Svæðin sem tengd hafa verið og falla undir verkefnið eru utan markaðssvæða ljósleiðara. Fjarskiptasjóður hefur styrkt verkefnið.



Um mitt sumar 2024 auglýsti Fjarskiptasjóður styrki til jarðvinnuframkvæmda við ljósleiðaratengingar í þéttbýli sem falla utan markaðssvæða. Á fjórða hundrað tenginga í Múlaþingi geta notið styrksins. Múlaþing hefur falið HEF veitum framkvæmd verkefnisins.

Fljótsdalshérað

Ljósleiðari hefur verið lagður í allt dreifbýli (lögbýli) á Fljótsdalshéraði.

Borgarfjörður

Míla hefur lagt og tengt dreifbýli í gamla Borgarfjarðarhreppi. Töluverður fjöldi húsa hefur verið tengdur í þéttbýlinu.

Djúpivogur

Múlaþing hefur með samningi við Orkufjarskipti tengt lögbýli við utanverðan Berufjörð og í Hamarsfirði og Álftafirði. Unnið hefur verið að því að leggja ljósleiðara inn með norðurströnd Berufjarðar samhliða lagningu rafstrengs Rarik. Unnið er að tengingu ljósleiðara í þéttbýlinu á Djúpavogi fyrir tilstuðlan styrks frá stjórnvöldum.

Seyðisfjörður

Lögbýli í dreifbýli Seyðisfjarðar hafa verið tengd ljósleiðara. Nokkuð hefur þokast í lagningu ljósleiðara í þéttbýlinu, eftir tilkomu styrks frá stjórnvöldum til verksins.

Áherslur fyrir 2026

HEF veitur hafa, fyrir hönd Múlaþings, umsjón með átaksverkefni stjórnvalda, sem felst í styrkveitingu til framkvæmdaaðila vegna jarðvinnu í þéttbýli sem skilgreind eru utan

markaðssvæða. Hvorki Múlaþing né HEF veitur koma að öðru leyti að ljósleiðaravæðingu í þéttbýli á Borgarfirði, Djúpavogi eða Seyðisfirði.

Míla sér um tengingar ljóleiðara á Borgarfirði og stefnt er á að klára þær á árinu 2026.

Austurljós sér um tengingar ljósleiðara í þéttbýlinu á Djúpavogi og stefnt er á að klára þær á árinu 2026. Þá er gert ráð fyrir að ljúka við ljósleiðaravæðingu Berufjarðar.

Austurljós og Míla hafa séð um tengingar ljósleiðara á Seyðisfirði og stefnt á að klára á árinu 2026.

Áherslur fyrir 2027–2029

Eftirstandandi tengingar á hverju svæði, ef einhverjar, verða kláraðar.

Valkvæð verkefni

Í þessum kafla eru sett fram valkvæð verkefni sveitarfélagsins og hvernig þeim er háttað á hverjum stað fyrir sig.

Gangstéttir, göngustígar og hjólastígar

Framkvæmda- og umhverfismálastjóri fer með þessi mál í öllu sveitarfélaginu samkvæmt framkvæmdaáætlun sem staðfest er af umhverfis- og framkvæmdaráði.



Sveitarfélagið sækir um styrki til uppbyggingar göngu- og hjólastíga á ferðamannastöðum í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða í samræmi við forgangsöröðun byggðaráðs um slík verkefni.

Sveitarfélagið sækir um styrki til uppbyggingar göngu- og hjólastíga meðfram vegum til Vegagerðarinnar.

Göngu- og hjólaleiðir sem bæta umferðaröryggi eru í forgangi sér í lagi á gönguleiðum skólabarna og fjölförnum ferðamannastöðum.

Áherslur 2026–2029

Horft verður til niðurstaðna umferðaröryggisáætlunar Múlaþings við forgangsöröðun verkefna.

Heilsuræktarstöðvar

Múlaþing býður upp á aðstöðu til líkamsræktar, oftast í tengslum við íþróttahúsin.

Fljótsdalshérað

Í [Íþróttamiðstöðinni á Egilsstöðum](#) er líkamsræktaraðstaða, Héraðsprek.

Borgarfjörður

Í Fjarðarborg eru tæki til líkamsræktar.

Djúpivogur

Í [Íþróttamiðstöðinni á Djúpavogi](#) er líkamsræktaraðstaða.

Seyðisfjörður

Í [Íþróttamiðstöðinni á Seyðisfirði](#) er líkamsræktaraðstaða.

Tjaldsvæði

Nokkur tjaldsvæði eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þeirra er reglulega boðinn út. Þau heyra undir byggðaráð. Heimastjórnir veita umsagnir um rekstrarfyrirkomulag og starfsemi þeirra.



Fljótsdalshérað

Tjaldsvæði í eigu Múlaþings á Egilsstöðum er rekið af einkaaðila.

Borgarfjörður

Tjaldsvæði í eigu Múlaþings á Borgarfirði er rekið af einkaaðila.

Djúpivogur

Tjaldsvæði á Djúpavogi er í einkaeigu.

Seyðisfjörður

Tjaldsvæði í eigu Múlaþings á Seyðisfirði er rekið af einkaaðila.

Áherslur 2026

Framtíðarstaðsetning tjaldsvæðis á Seyðisfirði verður ákveðin.

Ýmsir styrkir til menningarverkefna

Auglýstir eru styrkir til menningarverkefna árlega. Deildastjóri menningarmála hefur umsjón með umsýslu þeirra, ásamt fagráði, en byggðaráð úthlutar styrkjunum.



Menningarmiðstöðvar

Tvær skilgreindar menningarmiðstöðvar eru í Múlaþingi. Málefni þeirra heyra undir deildarstjóra menningarmála og byggðaráð.

Fljótsdalshérað

[Sláturhúsið menningarmiðstöð](#) er í eigu sveitarfélagsins og rekið af því. Sérstakt fagráð er fyrir Sláturhúsið. Sláturhúsið er miðstöð sviðslista á Austurlandi og áhersla lögð á þær en auk þeirra stendur miðstöðin fyrir margvíslegum viðburðum á sviði myndlistar, tónlistar og fleiri listgreina auk fræðslu fyrir öll skólastig.

Seyðisfjörður

[Skaftfell listamiðstöð](#) er sjálfseignastofnun og styrkt af sveitarfélaginu. Skaftfell er miðstöð myndlistar á Austurlandi og stendur sem slík fyrir margvíslegum sýningum og viðburðum tengdum myndlist. Þá stendur stofnunin fyrir fjölbreyttu fræðslustarfi fyrir öll skólastig.

Söfn

Í Múlaþingi eru tvö viðurkennd söfn samkvæmt safnalögum. Málefni þeirra heyra undir deildarstjóra menningarmála og byggðaráð

Fljótsdalshérað



[Minjasafn Austurlands](#) er staðsett í [Safnahúsinu á Egilsstöðum](#) og rekið af Múlaþingi. Safnið er hefðbundið byggðasafn sem leggur áherslu á að safna, varðveita og miðla sögu svæðisins í gegnum efnislega gripi. Safnið er viðurkennt safn samkvæmt safnalögum og uppfyllir þau skilyrði sem slíkum söfnum eru sett.

Seyðisfjörður

[Tækniminjasafn Austurlands](#) er rekið sem félagasamstök en með samþykktu stofnskrá sem sjálfseignarstofnun í umsjá sveitarfélags og er styrkt af Múlaþingi. Safnið er viðurkennt safn og

starfar samkvæmt safnalögum og uppfyllir þau skilyrði sem slíkum söfnum eru sett. Á safninu er lögð áhersla á að varðveita, rannsaka og miðla verkunnáttu, munum, minjum og frásögnum sem hafa gildi fyrir sögu tækniþróunar og áhrif hennar á samfélag á Seyðisfirði. Safnið er með sýningu í [Vélsmiðjunni að Hafnargötu 38 á Seyðisfirði](#).

Safnið varð fyrir miklu tjóni árið 2020 þegar stór skriða féll á húsnæði safnsins. Síðan þá hefur verið unnið að því að endurreisa safnið og fyrirhugað er að framkvæmdir við nýtt húsnæði á Lónsleiru hefjist á næsta ári.

Upplýsingamiðstöðvar

Fljótsdalshérað

Upplýsinga- og umferðarmiðstöð er starfrækt að [Kaupvangi 17 á Egilsstöðum](#), í eigu Múlaþings. Rekstur hennar er í höndum einkaaðila eftir útboð.

Seyðisfjörður

Upplýsingamiðstöð er í [ferjuhúsinu](#). Rekstur hennar er á vegum hafnarinnar.

Leikvellir og útivistarsvæði

Leikvellir og útivistarsvæði eru á öllum þéttbýlisstöðum og eru svæðin þjónustuð af þjónustumiðstöðvum.

Vetrarþjónusta á götum, plönnum og stígum

Framkvæmda- og umhverfismálastjóri, ásamt starfsfólki þjónustumiðstöðva, bera ábyrgð á þeirri þjónustu sem snýr að sveitarfélaginu vegna vetrarþjónustu á götum, plönnum og stígum.

Starfsmenn þjónustumiðstöðva sinna eða hafa eftirlit með allri gatnahreinsun, snjóhreinsun og umhirðu innan sveitarfélagsins.

Margvísleg samskipti við almenning vegna þjónustubeiðna og aðstoðar veita starfsmenn þjónustumiðstöðva eftir því sem aðstæður leyfa.

[Upplýsingar um forgang vetrarþjónustu](#) í þéttbýliskjörnum má finna á heimasíðu Múlaþings.



Sláttur og opin svæði

Sveitarfélagið sér um slátt og umhirðu opinna svæða og ræður til sín verktaka til að sinna þeirri vinnu eða nýtir starfskrafta starfsmanna þjónustumiðstöðva eða sérstakra sláttumanna og vinnuskólakrakka.

Garðyrkjustjóri er umsjónaraðili yfir slætti og umhirðu opinna svæða.

Áherslur 2026

Stefnt að því að skilgreina betur [Viljandi villt](#) svæði og draga úr óþarfa slætti.

Vinnuskóli

Sveitarfélagið starfrækir [vinnuskóla](#) á sumrin fyrir börn í elstu fjórum bekkjum grunnskólanna.

Garðyrkjustjóri er umsjónaraðili yfir vinnuskóla en verkstjórar eru á hverjum stað.



Hér fyrir neðan eru tenginar í áætlanir um framkvæmdir og viðhald í sveitarfélaginu á næstu árum. Fyrirvari er gerður um að þessar áætlanir geta breyst af ýmsum ástæðum:

Fjárfestingaáætlun Múlaþings 2026 – 2035

Áætlun hafna Múlaþings 2026 til 2028

Áætlun um gatnagerð og göngustíga 2026 – væntanlegt í byrjun árs 2026

Áætlun um viðhald mannvirkja 2026 – væntanlegt í byrjun árs 2026